


Magnús Tómasson myndlistarmaður og smámunir hans, „Minnismerki um óþekktu hænuna”. Tímamynd: Gunnar.



Myndin hér að ofan er frá sýningu, sem nú stendur yfir í Norræna húsinu og minnst hefur verið á hér í blaðinu áður, „Börnin og umhverfið.” Er á þessari sýningu leitast við að kynna í máli og myndum, hvernig ytra og innra skipulag borga og hóbýla manna þarf að miðast við yngstu kynslóðina. Sýningin er hingað komin frá Neytendaráðinu í Noregi í gegnum Kvenfélagsamband Íslands og mun hún fara vítt um landið. Fóstrufélag Íslands sýnir um leið ýmsar gerðir leikfanga og lítið brúðuleikhús er á staðnum. Foreldrar vita því ekkert af börnunum sínum á meðan þeir skoða sýninguna, en hún verður opin fram á annan dag páska, alla daga nema föstudaginn langa og páskadag, frá 14-19. Tímamynd: Gunnar

Kjarvalsstaðir: Smá sýning á smámunum Magnúsar Tómassonar

FI — Magnús Tómasson myndlistarmaður hefur nú til sýnis á Kjarvalsstöðum ýmsa smámuni, „objects”, sem gerðir eru á árunum 1967—72 og kennir þar ýmissa grasa. Sumir hinna eldri eru skissur að stærri verkum, en þá yngri hefur hann kallað Visual Poetry eða sýniljóð.

Áðalsteinn Ingólfsson listfræðingur segir í sýningarskrá, að aðferðir Magnúsar byggist í höfuðatriðum á samtafli ólíkra atriða, breytingu á náttúru hluta eða þá útlekkingum á viðteknum skoðunum eða menningararfleifð, þ.á.m. sögum og ævintýrum. „Litla gula hænna verður þáttakandi í ljóðrænu drama og niðursúðudósir neyzlumeningar innihalda hin furbulegustu fyrirbæri.”

Vötn á Arnarvatnsheiði boðin til leigu

Veidifélag Arnarvatnsheiðar býður nú til leigu vötnin Borgarfjarðarmegin á heiðinni auk nokkurra vatna á Tvidægru. Veidifélag Borgfirðinga á Arnarvatnsheiði var stofnað 1976, en fyrr hefur ekki verið veidifélag um þetta mesta vatnasvæði landsins. Aðild að veidifélaginu eiga bændur á líðlega 60 jörðum í Hálsahreppi, Hvitársíðu og Reykholtshreppi. Nær félagið til um 30 vatna og vatnahræða á Arnarvatnsheiði, svo og til fiskigengra áa og lækja, sem í vötnin falla eða tengja þau saman.

Verkefni hins nýja félags er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði á þann hátt sem hagkvæmast þykir

hverju sinni. Á síðasta sumri starfaði gæzlumaður við vötnin og var haft strangt eftirlit með allri umferð um heiðina, en til þess tíma hafði veiði þar verið nær eftirlitslaus.

Vötnin sem veidifélagið hefur yfirráð yfir verða leigð til stangveiði eingöngu, og áskilur veidifélagið sér rétt til að taka hvaða tilbóði sem er eða hafna öllum. Tilboðum um leigu fyrrnefndra vatna skal senda Pétri Jónssyni, bónda í Geirshlíð í Borgarfirði, formanni veidifélagsins. Aðrir í stjórn félagsins eru Guðmundur Kristjánsson, Grimsstöðum, Snorri Jóhannesson, Augastöðum, Magnús Sigurðsson, Gilsbakka og Ólafur Kristófersson, Kalmanstungu.




RLB polyvlies

ÓDÝR GÓLFDÚKUR

Verð pr. ferm.:

1507, 1650, 1872 og 2248



polyvlies
Desin 1508

SAMBANDIÐ BYGGINGAVÖRUR
SUDURLANDSBRAUT 32 - EINNIG INNAKSTUR FRÁ ARMÚLA 29

